



Reglur um flokkun viðskiptavina

4. september 2023

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Dagsetning	Yfirfarið eða staðfest af	Dagsetning
1.0	Fyrsta útgáfa í breyttri mynd.	Lögfræðisvið, Regluvarsla, Fyrirtæki og Fjárfestar	29.8.2023	Áhættustefnunefnd	4.9.2023

All rights reserved. No part of this document may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any way or by any means, including photocopying or recording, without the prior permission in writing of Íslandsbanki hf., or expressly permitted by law. Enquiries concerning reproduction should be addressed with the Chief Risk Officer at Íslandsbanki.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1. Tilgangur og markmið.....	3
1.2. Ábyrgð og endurskoðun	3
2. Hugtakaskilgreiningar	3
3. Flokkun viðskiptavina	4
4. Breytt flokkun	4
4.1. Beiðni um að flokkast sem fagfjárfestir (opt up)	4
5. Gildistaka og birting	5

1. Inngangur

1.1. Tilgangur og markmið

Íslandsbanka hf. (hér eftir „bankinn“) er skylt að setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina, í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (Imff.).

Reglur þessar gilda um flokkun viðskiptavina af hálfu bankans. Tilgangur reglnanna er að tryggja samræmt verklag við flokkun viðskiptavina og skilgreina skilyrði sem viðskiptavinir þurfa að uppfylla ef þeir óska eftir breyttri flokkun.

1.2. Ábyrgð og endurskoðun

Reglur þessar eru samþykktar af Áhættustefnunefnd og er Lögfræðisvið eigandi þeirra. Reglurnar skal endurskoða af Áhættustefnunefnd á tveggja ára fresti til að tryggja samræmi við innra og ytra umhverfi og uppfærðar eftir því sem við á.

Lögfræðisvið ber ábyrgð á að viðeigandi endurskoðun eigi sér stað. Allar breytingar á reglum þessum skulu samþykktar af Áhættustefnunefnd.

2. Hugtakaskilgreiningar

- | | |
|------------------------|---|
| 1. Viðskiptavinur | Aðili sem fær fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu |
| 2. Almennur fjárfestir | Viðskiptavinur sem er ekki fagfjárfestir. |
| 3. Fagfjárfestir | Viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. |

Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:

- Aðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
- Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
 - Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 millj. evra í íslenskum krónum eða hærri.
 - Hrein ársvelta er jafnvirði 40 millj. evra í íslenskum krónum eða meiri.
 - Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra í íslenskum krónum eða meira.
- Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
- Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.

- e) Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar samkvæmt eigin umsókn.

4. Viðurkenndur gagnaðili Viðskiptavinur sem fellur undir a, b eða c-lið skilgreiningar á fagfjárfestum í lið 3 hér að ofan og hefur samþykkt að vera meðhöndlaður sem viðurkenndur gagnaðili.

3. Flokkun viðskiptavina

Íslandsbanki flokkar viðskiptavini sína við upphaf viðskiptasambands vegna viðskipta með fjármálagerninga í

1. Almenna fjárfesta,
2. Fagfjárfesta, eða
3. Viðurkennda gagnaðila.

Flokkun viðskiptavina hefur áhrif á hve mikillar fjárfestaverndar þeir njóta. Almennir fjárfestar njóta meiri fjárfestaverndar samkvæmt lögum en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar.

Allir einstaklingar eru í upphafi viðskiptasambands flokkaðir sem almennir fjárfestar. Kafli 4.1 fjallar um almenna fjárfesta sem óska eftir því að bankinn fari með þá sem fagfjárfesta og njóta þannig minni fjárfestaverndar.

Lögaðilar eru flokkaðir sem almennir fjárfestar nema fyrirliggjandi gögn sýni að önnur flokkun sé viðeigandi. Dæmi um slík gögn eru til dæmis: upplýsingar á opinberu vefsvæði eftirlitsaðila, afrit af starfsleyfi, afrit af ársreikningi, allt eftir því sem við á.

Íslandsbanka er heimilt að eigin frumkvæði að flokka viðskiptavin sem

1. fagfjárfesti eða almennan fjárfesti ef annars mætti flokka hann sem viðurkenndan gagnaðila.
2. almennan fjárfesti ef annars mætti flokka hann sem fagfjárfesti.

Viðskiptavinum er tilkynnt um flokkun sína í samningi eða með sérstakri tilkynningu, eftir því sem við á. Viðurkenndur gagnaðili skal staðfesta flokkun sína sem slíkur, hvort sem er í samningi eða með sérstakri yfirlýsingu, eftir því sem við á. Slíka staðfestingu má veita almennt eða vegna tiltekinna viðskipta eða þjónustu.

Í upphafi viðskiptasambands er viðskiptavinum veittar upplýsingar um rétt sinn til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess.

4. Breytt flokkun

Viðskiptavinir geta óskað eftir að falla í annan flokk fjárfesta. Viðskiptavinir geta ávallt fengið aukna vernd. Með því er átt við að fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar geta látið færa sig niður um flokk og notið þannig aukinnar verndar. Viðskiptavinum er tilkynnt um breytingar á flokkun.

4.1. Beiðni um að flokkast sem fagfjárfestir (opt up)

Viðskiptavinur sem er flokkaður sem almennur fjárfestir getur óskað eftir að falla í flokk fagfjárfesta, þ.e.a.s. óskað eftir að njóta minni fjárfestaverndar. Slíkar beiðnir skulu staðfestar skriflega á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Viðskiptavinur er upplýstur um þá réttarvernd og bótarétt sem hann kann að verða af við slíka endurflokkun og hann lýsir því yfir að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd.

Viðskiptavinur þarf samkvæmt lögum að uppfylla tvö af eftirfarandi skilyrðum:

- a) Viðskiptavinur hefur sjálfur átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. 10 sinnum á hverjum ársfjórðungi.

- b) Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna viðskiptavinar nemi samanlagt meira en jafnvirði 500.000 evra í íslenskum krónum.
- c) Viðskiptavinur gegni eða hafi gegnt, í a.m.k. eitt ár stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.

Viðskiptavinur skal leggja fram fullnægjandi gögn vegna beiðni um flokkun sem fagfjárfestir svo bankinn geti lagt mat á sérfræðikunnáttu, þekkingu, reynslu og hvort skilyrði laganna séu uppfyllt.

Við mat á a-lið skal leggja fram yfirlit sem sýnir fjölda og upphæð viðskipta. Viðskiptavinur getur ekki uppfyllt skilyrði samkvæmt a-lið nema hafa stundað viðskipti að lágmarki í fjóra ársfjórðunga.

Við mat á b-lið skal viðskiptavinur leggja fram yfirlit yfir eignir, þ.e.a.s. fjármálagerninga og innstæður. Eignayfirlitið skal sýna uppgerðar og óskuldsettar stöður. Ekki er horft á aðrar eignir, s.s. fasteignir og ökutæki. Fjármálagerningar eru verðbréf, peningamarkaðsgerningar, hlutdeildarskírteini, afleiður og losunarheimildir eins og skilgreint er í 4. gr. Imff. Séu eignir í vörslu annarra fjármálafyrirtækja og ekki er ljóst af gögnum að um er að ræða uppgerðar og óskuldsettar stöður skal viðskiptavinur hlutast til um að viðeigandi fjármálafyrirtæki staðfesti að um sé að ræða uppgerðar og óskuldsettar stöður.

Við mat á c-lið skal viðskiptavinur leggja fram viðeigandi gögn eða upplýsingar um þá stöðu sem hann hefur gengt í fjármálageiranum, sem hann telur uppfylla lagaskilyrðin og starfstímabil. Dæmi um stöður sem uppfylla skilyrðin eru, ekki tæmandi talið: miðlari, sjóðsstjórn, starf í eignastýringu, starf við verðbréfaútgáfu o. s. frv. Sé viðskiptavinur lögaðili skal horfa til starfsreynslu fyrirsvarsmanns, umboðsmanns eða þess aðila sem mun annast viðskipti með fjármálagerninga fyrir hönd lögaðilans.

Viðskiptavinur sem er færður upp í flokk fagfjárfesta á grundvelli framangreindrar beiðni ber ábyrgð á því að tilkynna bankanum um breytingar sem hafa áhrif á flokkun hans sem fagfjárfestir. Verði bankanum kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði er bankanum skylt að grípa til viðeigandi aðgerða.

5. Gildistaka og birting

Reglur þessar eru samþykktar af Áhættustefnunefnd Íslandsbanka og taka þær gildi þann 4. september 2023. Reglurnar eru birtar á ytri vef bankans.